



Laufblaðið

FRÉTTABLAÐ SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

17. árg. 2008 3. tbl.

Elsta tré heims er sænskt

Margar nýjungar í Kjarnaskógi

**Svipmyndir af aðalfundi
Skógræktarfélags Íslands 2008**

Tímamótadómur í Hafnarfirði

**Unnið að grisjun og bættu
aðgengi að skóginum í
Dýrafjarðarbotni**

**Veljið íslensk jólatré – fersk
gæðavara á góðu verði**

**„Opinn skógur“ opnaður í
Akurgerði, Öxarfirði**

Reyniviðurinn við Kílakot

**Rjúpur nema land í
Landgræðsluskógum**

**Skógardagurinn mikli á
Hallormsstað**

**Skógræktarfélag Árnesinga byggir
upp á Snæfoksstöðum**

Farsælt samstarf við Toyota

**Íslenskt birkivín – bragðgóð
nýjung**

Landgræðsluskógar

Larix bíllinn

Ferð til Kamtsjatka

Háafell í Skorradal

Barnahornið

Hekluskógar



Skógræktarfélag framleiða jólatré í skógum sínum. Með því afla þau tekna fyrir aukinni skógrækt í landinu, en um leið vinna þau að verðmætasköpun í landinu. Hér sést Einar Gunnarsson skógfræðingur í skógarhöggi í Brynjudalsskógi (Mynd JGP).

Veljið íslensk jólatré – fersk gæðavara á góðu verði

Skógræktarfélagin framleiða jólatré víða um land. Fyrir þessi jól vilja félagin minna sérstaklega á íslensku jólatrénn. Með því að velja íslenskt jólatré leggur þú skógræktarstarfinu lið og styður við innlenda framleiðslu og verðmætasköpun.

Lang mest er framleitt af stafafuru, en hún er ilmandi grænt tré sem ekki fellir barrið.

Margar verslanir selja íslensk jólatré og eins bjóða fjöl-

mörg félög fólki að koma í skógin til að sækja sér tré.

Skógræktarfélag Íslands er með sérstakan samning við Húasmiðjuna/Blómaval um eflingu íslenskrar jólatrjá-ræktunar. Þar er íslenskum jólatrjám gert hátt undir höfði og þau boðin til sölu í góðu úrvali.

Frekari upplýsingar um íslensk jólatré veitir Skógræktarfélag Íslands í síma 551-8150 og eins eru upplýsingar á heimasíðu félagsins, www.skog.is



Það er vinsælt að koma í skógin til að sækja sitt eigið jólatré (Mynd DB).



Það er ekki óalgengt að rekast á jólasveininn á adventunni þegar komið er í skógin til að sækja sér jólatré. Hér eru þeir félagar Askasleikir, Ketkrókur og Hurðaskellir að spjalla við krakkana í Brynjudal (Mynd DB).

Margar nýjungar í Kjarnaskógi

Skógræktarfélag Eyfirðinga hefur ræktað og annast Kjarnaskóg við Akureyri frá upphafi. Þar er nú einn fjölsóttasti útivistarskógur landsins með fjölbreyttri aðstöðu til hverskonar útivistar. Laufblöðungur var á ferðinni í Kjarna ásamt Johan Holst skógfræðingi, framkvæmdastjóra Skógræktarfélags Eyfirðinga, á dögnum til að undirbúa ýmis verkefni.

Fjölmargin er á döfinni í skóginum til að bæta aðstöðu fyrir gesti. Fyrst má nefna sérstakt átak til að stækka svæðið með samningum við samliggjandi skógarbónda í Hvammi í Eyjafjarðarsveit. Hörður Snorrason bóndi

í Hvammi hefur opnað almenningi aðgang að landi sínu til að njóta útivistar í þessum vöxtulega skógi. Hvammur byrjaði skógrækt um 1988 með bændaskógrækt en gekk svo í Norðurlandsskóga á sínum tíma.

Einnig vinnur félagið að gerð fyrstu fjallahjólabrautar landsins. Fjallahjólamennska er vaxandi sport og mikil þörf á góðri aðstöðu til þeirrar iðju. Brautin í Kjarnaskógi mun geta orðið 3-4 km á lengd og liggur í gegnum skemmtilegt skógalandslag.

Hér fylgja með svipmyndir úr Kjarnaskógi.



Skógræktarfélag Árnesinga byggir upp á Snæfoksstöðum

Skógræktarfélag Árnesinga á jörðina Snæfoksstaði í Grímsnesi. Félagið hefur stundað umfangsmikla skógrækt á jörðinni með afar góðum árangri sem blasir við öllum sem aka upp Grímsnesið.

Skógræktarfélag Árnesinga hefur unnið ótúllega að því að bæta aðstöðuna á jörðinni með það að markmiði að geta betur tekist á við umhirðu og rekstur svæðisins.

Nýjasta viðbótin er vélaskemma með aðstöðu fyrir ýmis töl og tæki félags-

ins. Þar er einnig flettsög til viðarvinnslu, sem mun fara mjög vaxandi á Snæfoksstöðum í framtíðinni. Einnig hefur félagið þarna góðan vettvang fyrir meðhöndlun á jólatrjám.

Það var einstök fyrirhyggja sem forystumenn Skógræktarfélags Árnesinga sýndu þegar þeir keyptu jörðina Snæfoksstaði um miðja síðustu öld.



Snæfoksstaðir í Grímsnesi eru í eigu Skógræktarfélags Árnesinga (Mynd JGP).



Skógræktarfélag Árnesinga hefur undanfarin ár bætt mjög aðstöðuna á jörðinni. Nýjasta viðbótin er þessi vélaskemma (Mynd JGP).

Skógræktarritið

er vandað og fjölbreytt tímarit fyrir alla skóg- og trjáræktendur



Eftir langan vinnudag les Hallgrímur Guðjónsson Skógræktarritið í sumarbústað sínum í Vatnsdal í Húnavatnssýslu.

Skoðið áskriftartilboð á www.skog.is

Pantið áskrift í síma 551-8150 eða á skog@skog.is.
Nánari upplýsingar á www.skog.is.

Eftirtalin fyrirtæki eru aðalstyrktaraðilar Skógræktarfélags Íslands



HÚSASMÍÐJAN
www.husa.is



Laufblaðið

Fréttablað, 17. árgangur 3. tölublað 2008.
Laufblaðið er sent endurgjaldslaust til allra félagsmanna í skógræktarfélaginu.
Með því að gerast félagsmaður í skógræktarfélagi færð þú Laufblaðið og Frækornin send heim reglulega.

Útgefandi:

Skógræktarfélag Íslands
Skúlatúni 6, 105 Reykjavík
sími: 551-8150
heimasíða: www.skog.is

Ritstjóri:

Jón Geir Pétursson
Ábendingar og upplýsingar varðandi efni blaðsins eru vel þegnar.

Prófarkalestur:

Ragnhildur Freysteinsdóttir umhverfisfræðingur.

Ábyrgðarmaður:

Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri.

Umbrot og prentun:

Ísafoldarprentsmiðja.

Stjórn Skógræktarfélags Íslands kjörin á aðalfundi 2008:

Magnús Gunnarsson formaður,
Sigrún Stefánsdóttir varaformaður,
Guðbrandur Brynjólfsson gjaldkeri,
Aðalsteinn Sigurgeirsson ritari.

Meðstjórnendur:

Gísli Eiríksson
Gunnlaugur Claessen
Þuríður Yngvadóttir.

Varamenn:

Páll Inghóir Kristinsson
Rannveig Einarisdóttir
Vilhjálmur Lúðvíksson.

EINS ÖFLUG OG VINNAN ER ERFIÐ.



Keðjusög 321el



Keðjusög 340/345e



Keðjusög 345XP / 357XP



Kjarsög 343F



Kjarsög 265RX



Blásari 150BT



In our world there are no amateurs.

Akralind 4 • 201 Kópavogur • Sími 544 4656 • Fax 544 4657 • www.mhg.is



Húsið að Borgarbraut 27 var byggt um 1920 og er talið að garðahlynurinn hafi verið gróðursettur fljótlega í kjölfarið á því. Tréð er með glæsilegri trjám á Vesturlandi (Mynd JGP).

Tré ársins 2008 útnefnt í Borgarnesi

Sunnudaginn 31. ágúst var garðahlynur (*Acer pseudoplatanus* 'Purpleum') að Borgarbraut 27 í Borgarnesi formlega útnefnt „Tré ársins 2008“.

Það er Skógræktarfélag Íslands sem velur Tré ársins og er útnefningunni ætlað að beina sjónum almenninga að því gróskumikla starfi sem unnið er um land allt í trjá- og skógrækt.

Hjördís Geirdal, formaður Skógræktarfélags Borgarfjarðar, bauð gesti velkomna, en því næst tók til máls Magnús Gunnarson, formaður Skógræktarfélags Íslands, sem fjallaði stuttlega um útnefninguna. Ragnar Olgeirsson sagði svo stuttlega frá sögu hússins að Borgarbraut 27 og trénu. Því næst afhenti Magnús Gunnarson Jóhanni Skarphéðinssyni,

núverandi eiganda Borgarbrautar 27, viðurkenningskjal af þessu tilefni. Sædís Guðlaugsdóttir, Gróðrarstöðinni Gleym-mér-ei, færði svo Skógræktarfélagi Íslands að gjöf þrjár litlar garðahlynspöntur, sem ræktaðar eru upp af fræi af garðahlyninum að Borgarbraut 27.

Í tilefni dagsins var tréð svo mælt og gerði það Valdimar Reynisson, Skógræktarfélaginu Dafnar á Hvanneyri, og reyndist það vera 8,83 m á hæð og 166 cm að ummáli, í 50 cm hæð. Endað var svo á því að afhjúpa skilti við tréð, sem markar útnefninguna og sá um það Magnús Gunnarsson, Hjördís Geirdal og Páll S. Brynjarsson, sveitarstjóri Borgarbyggðar.

Formlegri dagskrá lauk svo með hressingu í Skallagrímssgarði, en á fjórða tug gesta voru viðstaddir athöfnina.



Þetta afbrigði af garðahlyn er fágætt, en það einkennist af rauðfjólubláum lit á neðra borði laufblaða eins og sést á þessari mynd (Mynd JGP).

Unnið að grisjun og bættu aðgengi að skóginum í Dýrafjarðarbotni

Starfsmenn Skógræktarfélags Íslands, í samstarfi við heimamenn, unnu að grisjun og bættu aðgengi að skógi Skógræktarfélags Dýrafjarðar í Botni nú í sumar. Hefur stór hluti skógarins verið grisjaður og hafist handa við að leggja

akfæra hringleið um skógin. Náttúrufegurð er mikil á Dýrafjarðarbotni og þetta einstakt skógræktar og útivistarsvæði sem félagið hefur umjón með.

Hins vegar hefur veginum hrakað mikið inn í Botn með tilkomu Dýra-

fjarðarbrúar, en þá er umferð nánast enginn inn fjörðinn. Á allra næstu árum er hins vegar útlit fyrir að það breytist með gerð nýrra jarðgangna sem munu tengja Dýrafjörð og Arnarfjörð.

Þá mun Botnsskógur aftur komast

nálægt þjóðbraut og miðuðu aðgerðirnar í skóginum í sumar að því að undirbúa svæðið fyrir aukna gestakomu með tilkomu gangnanna.



Brynjólfrur Jónsson framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Íslands vann að grisjun Botnsskógar. Hér er hann við einn göngustíginn sem búið er að malbera (Mynd JGP).



Það er mikil náttúrufegurð í Dýrafjarðarbotni (Mynd JGP).

Svipmyndir af aðalfundi Skógræktarfélags Íslands á Ísafirði

73. aðalfundur Skógræktarfélags Íslands var haldinn í Edinborgarhúsinu á Ísafirði dagana 15.-17. ágúst. Skógræktarfélag Ísafjarðar var gestgjafi fundarins að þessu sinni. Fundinn sóttu á þriðja hundrað fulltrúar skógræktarfélaganna, alls staðar af landinu, og tókst fundurinn sérlega vel.

Ein breyting var samþykkt á lögum Skógræktarfélagsins, þess eðlis að formaður er nú kosinn beinni kosningu á aðalfundi. Var Magnús Gunnarsson kosinn formaður félagsins, sá fyrsti í sögu þess sem kosinn er beinni kosningu á aðalfundi.

Jafnframt varð mikil endurnýjun í



stjórn félagsins. Þrír stjórnarmenn létu af störfum, Jónína Stefánsdóttir, Ólafía Jakobsdóttir og Þorvaldur S. Þorvaldsson. Í þeirra stað voru kosin Sigrún Stefánsdóttir, Skógræktarfélagi Eyfirðinga, Gísli Eiríksson, Skógræktarfélagi Ísafjarðar og Gunnlaugur Claessen, Skógræktarfélagi Reykjavíkur. Varamenn voru kosnir Páll Ingbór Kristinsson, Skógræktarfélagi A-Húnvetninga, Rannveig Einarsdóttir, Skógræktarfélagi A-Skaftfellinga og Vilhjálmur Lúðvíksson, formaður Garðyrkjufélags Íslands.



**SKÓGRÆKT
RÍKISINS**

**AÐEINS
ALDARGÖMUL**

... og rétt að byrja

Eftirtaldir aðilar hafa styrkt Skógræktarfélag Íslands

Reykjavík

Alpýðusamband Íslands,
www.asi.is, Sætúni 1
ARGOS ehf - Arkitektastofa
Grétars og Stefáns, Eyjarlóð 9
Athygli ehf, Síðumúla 1
Björgun ehf, Sævarhöfða 33
Björn Traustason ehf, Vogalandi 1
Bókhaldsþjónusta Gunnars ehf, Ármúla 1
Dynjandi ehf, Skeifunni 3h
E.T. ehf, Klettagörðum 11
Efling stéttarfélag, Sætúni 1
Eyrir fjárfestingafélag ehf,
Skólavörðustíg 13
Faxaflóahafnir sf, Hafnarhúsinu
Tryggvagötu 17
Fjölbrautaskólinn við Ármúla,
Ármúla 12
G Hannesson ehf, Borgartúni 23
Garðsauki ehf, Neshömrur 5
Gátun ehf, Lágmúla 5
GB Tjónaviðgerðir ehf, Draghálsi 6-8
Gullsmiðjan í Mjódd, Álfabakka 14b
HGK ehf, Laugavegi 13
Hilmar D. Ólafsson ehf, Eldshöfða 14
Höfðakaffi ehf, Vagnhöfða 11
Ísól ehf, Ármúla 17
Kjaran ehf, Síðumúla 12-14
Klapparholt ehf, Esjugrund 68
KOM almannatengsl, Borgartúni 20
KPMG hf, Borgartúni 27
Landvernd, Skúlatúni 6
Laugarnesskóli, Kirkjuteigi 24
Lindin, kristið útvarp FM 102,9, Krókhálsi 4
Lífstykkiabúðin ehf, Laugavegi 82
Meistarafélag húsasmíða, Skipholti 70
Nexus afþreying ehf, Hverfisgötu 103
Ennemm ehf, Brautarholti 10
Nói-Síríus hf, Hesthálsi 2-4
Ottó B. Arnar ehf, Skipholti 17
Reykjaprent ehf, Síðumúla 14, 2. hæð
Samiðn, Borgartúni 30
Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja,
SSF, Nethyl 2 e
Seðlabanki Íslands, Kalkofnsvegi 1
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti,
Skúlagötu 4
Stepp ehf, Ármúla 32
Suzuki bílar hf, Skeifunni 17
T. ark Teiknistofan ehf, Brautarholti 6
Tjaldstæðið Laugardal, sími 568-6944,
reykjavikcampsite.is
Trésmiðjan Jari ehf, Funahöfða 3

Úti og inni sf, Þingholtsstræti 27
Veitingahúsið Jómfrúin, Lækjargötu 4
Verðbréfaskráning Íslands hf,
Laugavegi 182
Við og Við sf, Gylfaflöt 3
VSÓ Ráðgjöf ehf, Borgartúni 20
Þ Þorgrímsson og Co ehf, Ármúla 29

Seltjarnarnes

Seltjarnarnesbær, Austurströnd 2

Kópavogur

ALARK arkitektar ehf, Dalvegi 18
Bílaþvottastöðin Löður ehf, Bæjarlind 2
Byggðaðjónustan ehf, Auðbrekku 22
dk hugbúnaður ehf, dk.is, Hlíðasmára 17
Eggja- og kjúklingabúið,
Elliðahvammi, Vatnsenda
Einar Beinteins ehf - Dúklagningameistari,
Grófarsmára 8
Gæðaflutningar ehf, Krossalind 19
Íslandsspil sf, Smiðjuvegi 11a
Kambur ehf, kamburehf@simnet.is,
Geirlandi v/Suðurlandsveg
Kópavogsbær, Fannborg 2
Smári Guðmundsson skrudgarð-
yrkjumeistari, Þinghólsbraut 1

Garðabær

Geislataekni ehf Laser-þjónustan,
Suðurhrauni 12c
Manus ehf, Smiðsbúð 7

Hafnarfjörður

Alexander Ólafsson ehf, Grandatröð 2
Betri stofan ehf, Fálkahrauni 9
Hagtak hf, Fjarðargötu 13-15
Hlaðbær-Colas hf, malbikunarstöð,
Gullhelli 1
Hvalur hf, Hafnarfirði
Kerfi ehf, Flatahrauni 5b
Klæðning ehf, Reykjavíkurvegi 68
Lerkiverktakar ehf, Skúlaskeiði 26
Polarolje, sími 6987999, Heiðvangi 26
Raftaki ehf, Efstuhlíð 4
Sáning ehf, Kríuási 45c
VSB-verkfræðistofa ehf, Bæjarhrauni 20
Verkalýðsfélagið Hlíf,
Reykjavíkurvegi 64

Reykjanesbær

Hitaveita Suðurnesja, Brekkustíg 36
Reykjanesbær, Tjarnargötu 12
Slakki ehf, Stekkjargötu 51
Verslunarmannafélag Suðurnesja,
Vatnsnesvegi 14

Grindavík

Útgerðarfélagið Einhamar ehf, Verbraut 3a
Þorbjörn hf, Hafnargötu 12

Mosfellsbær

Freki ehf, Brekkutanga 27
Glertækni ehf, Völuteigi 21
Kjósarhreppur www.kjos.is, Ásgarði

Akranes

Grunnskólinn, Espigrund 1
GT Tækni ehf, Grundartanga

Borgarnes

Eyja- og Miklaholtshreppur, Hofstöðum
Landbúnaðarháskóli Íslands, Hvanneyri
Laugaland hf, Laugalandi

Stykkishólmur

Málflutningsstofa Snæfellsness ehf,
Aðalgötu 2
Þ.B. Borg ehf, Silfurgötu 36

Grundarfjörður

Hótel Framnes

Ólafsvík

Útgerðarfélagið Guðmundur ehf,
Brautarholti 18

Ísafjörður

Bæjarskrifstofur Ísafjarðarbæjar,
Hafnarstræti 1
Ferðaðjónustan í Heydal, Mjóafirði
Kjölur ehf, Urðarvegi 37
Teiknistofan Eik ehf, Suðurgötu 12

Bolungarvík

Agnes M Sigurðardóttir, Völusteinsstræti 16

Súðavík

Súðavíkurhreppur, Grundarstræti 3

Flateyri

Félag skógarbænda á Vestfjörðum, Tröð

Patreksfjörður

Vesturbyggð, Aðalstræti 63

Hvammstangi

Húnaþing vestra, Hvammstangabraut 5
Skjanni ehf, Hafnarbraut 3
Skrúðvangur ehf, Gilsbakka 5

Skagatrönd

Elfa ehf, Oddagötu 22

Sauðárkrókur

Leiðbeiningamiðstöðin, Aðalgötu 21
Skagafjarðarveitur ehf, Borgarteigi 15

Íslenskt birkivín – bragðgóð nýjung

Morten Leth skógræktarráðunautur Skógræktar ríkisins á Suðurlandi hefur haft frumkvæði af áhugaverðri tilraun með framleiðslu á birkivíni. Birkivínið hefur hann framleitt úr safi birkitrjáa í Haukadalsskógi og hefur framleiðslan fengið verðskuldaða athygli.

Samstarfmaður Morten, Einar Óskarsson, lýsti ferlinu við að tappa af birkitrjánum svona í viðtali í Suðurglugganum í sumar „Við byrjuðum á þessu í fyrra og prófuðum aftur að tappa af nokkrum trjám í vor. Aðferðin við að tappa safanum af birkinu er vandasöm, en aðeins er hægt að bora í trén á vorin á um þriggja vikna tímabili áður en þau laufgast. Safinn er látinn renna úr og svo er holunum lokað aftur. Við boruðum í tré sem voru gróðursett árið 1938. Það er heilmikið ferli í kringum þetta. Það er mikilvægt að ganga vel frá og loka með trétappa og svo má ekki nýta sama tréð aftur fyrr en að þremur árum liðnum.“

Laufblöðungur hefur smakkað nokkrar mismunandi útfærslur af birkivíninu og gefur því góð meðmæli. Birkisafann er einnig hægt að nýta til að framleiða aðrar vörur, eins og sýróp (sbr. kanadíska hlýnsýrópið), íssósus, sorbet og fleira.

Morten hefur tekið saman mjög áhugaverða skýrslu um vinnslu birkivíns „Birch sap in Iceland- The 2008 season“ sem kemur út á vegum Skógræktar ríkisins og verður væntanlega hægt að nálgast á heimasíðu stofnunarinnar.

Í kjölfar skýrslunnar munu vonandi einhverjir framtakssamir aðilar hefjast handa við framleiðslu á birkivínum eða öðrum vörum sem hægt er að vinna úr birkisafa.

Uppskrift að birkivíni, þróuð og útfærð af Morten Leth, skógræktarráðunauti:

Til þess að gera 20 lítra af birkivíni þarf:

- 18 lítra af birkisafa
- 2 kíló af sykri
- einn gerpoka (eins og fylgir með bruggdóti)

Þessu er blandað saman og látið standa í 5 daga

Þá bætist við:

- 2 lítrar af birkisafa
- 2 kíló af sykri.

Þetta er látið standa í um það bil 3 vikur. Þá er settur gerstoppari í kútin og beðið í um það bil 5 daga. Þegar vínið er fallið, má setja það á flöskur.

Tilbrigði er hægt að gera við svona vín, til dæmis má skera niður 5 sítrónur (óflýsjaðar) og láta liggja í leginum, sem gefur ferskan og góðan keim.

Einnig er hægt að sjóða niður 20 lítra af birkisafa niður í 2 lítra til þess að gera sterkara bragð.


Safinn er síðan geymdur eins og um



Morten Leth frumkvöðull í framleiðslu birkivíns á Íslandi með afurðina (Mynd JGP).

mjólk væri að ræða, í kæli og ekki lengur en í fimm daga. Ef það finnst járnbragð af honum, þá er hann ónýtur. Einnig má frysta safann, þannig að hægt er að búa til birkivín allan ársins hring.

Barnahornið



Krakkar!

Hjálpnið skógarbirninum að komast í berin.

Skógrækt

MHG Verslun ehf hefur selt Husqvarna vélar nú í 8 ár, aukningin hefur verið mikil síðustu ár í sölu til skógræktarféлага og einkaaðila. Á fyrstu áratugum síðustu aldar voru margir þeirrar skoðunar að erfitt eða jafnvel óframkvæmanlegt væri að rækta skóga á Íslandi. Í dag eru um 200 skógarsvæði, samtals um 20 þúsund hektarar, í umsjá skógræktarfélaganna.

Við höfum fundið fyrir aukningu í þessum geira síðustu ár, innan skógræktarfélags Íslands er 61 aðildarfélag. Við höfum selt jafnt og þétt síðustu ár og höfum aðallega einblínt á að vera með atvinnusagir frá Husqvarna, fatnað og fylgihluti til skógarhöggs og höfum þjónustað það vel sagði Hilmar Árnason framkvæmdarstjóri MHG Verslunar.

Á síðustu árum hefur orðið mikil vaxtarsprengja í íslenskum skógum og stærra hlutfall þeirra er komið á grisjunarstig. Þessi þróun mun halda áfram og því eru réttu verkfærin það sem skiptir máli.



Hér sjáum við Ólaf Erling Ólafsson (Óla finnska) skógarvörð í Heiðmörk grisja.

Ég hef eingöngu notað Husqvarna vélar í 13 ár, bæði hérlandis og í Finnlandi og mæli eindregið með þeim vegna endingar og áreiðanleika. Einnig er „balansinn“ í þeim

mjög góður sem gerir þær þægilegar í notkun. Þær hlífa sér líka sérstaklega vel fyrir skít og drullu og þurfa því minna viðhald sagði Ólafur.



Guðmundur Örn Benediktsson frá Skógræktarfélagi Norður Þingeyinga, Kristján Möller samgönguráðherra og Magnús Gunnarsson formaður Skógræktarfélags Íslands tóku höndum saman og gróðursettu birkiplöntu í tilefni opunarinnar (Mynd JGP).



Þessi duglegu krakkar tóku þátt í skógarhlaupinu og fengu birkiplöntu að gjöf.

Opinn skógur opnaður Akurgerði, Öxará

Laugardaginn 5. júlí var skógur Skógræktarfélags Norður Þingeyinga, Akurgerði í Öxaráfirði formlega opnaður fyrir almenning. Verk-

efnið Opinn skógur miðar að því að opna og gera aðgengileg skógarsvæði skógræktarfélaganna í landinu. Akurgerði, sem er í landi

Skinnaðar er tíundi Opni skógurinn í landinu. Fyrirtækin Avant og Olís eru stuðningsaðilar verkefnisins.

Fjölmennir Kristján Möller inn formlega m



Aðkoman að skóginum er orðin mjög góð (Mynd JGP).



Sigurður Pálsson skáld flutti ávarp við opunarhátíðina (Mynd JGP).



Aðalsteinn Örn Skarphéðinn í sveit



Örgjörð fyrir þátttökuna (Mynd JGP).

og færði skógræktarfélaginu árnaðaróskir ríkisstjórnar og hvatningu um að halda áfram að opna skóglendi fyrir almenning.

Ávörp fluttu Guðmundur Örn Benediktsson frá Skógræktarfélagi Norður Þingeyinga, Magnús Gunnarsson formaður Skógræktarfélags Íslands og Jón Grímsson frá sveitarstjórn Norðurþings. Sigurður Pálsson skáld flutti hugvekju um skóginn, menningu og mannlíf en hann fæddist og ólst upp á þessum stað.

Aðalsteinn Örn Snæþórsson skipulagði skógarhlaup, þar sem skokkað var hringinn í skóginum og tóku krakkarnir í sveitinni þátt í því og eins sá Kvenfélag Öxarfjarðar um veitingar fyrir gesti.

Skógræktarfélag Norður Þingeyinga gróðursetti einnig þrjár lindifurur til heiðurs frumkvöðla skógræktar í Akurgerði, þeirra Halldórs Sigurðssonar og Kristveigar Björnsdóttir frá Valþjófsstöðum, Sigurgeirs Ísakssonar frá Ásbyrgi og Rögnvaldar Stefánssonar frá Leifsstöðum, sem er látinn fyrir nokkru.

Mikið hefur verið unnið í skóginum að undanfögnu, skógurinn grisjaður og skógarstígar lagðir kurli. Helstu trjátegundir eru merktar, borð og bekkir sett upp í skógartrjóðrum og ýmsir runnar og tré gróðursett. Vegagerðin lagði verkefninu myndarlega lið, líkt og á öðrum Opnum skógum á landinu með því að byggja bílastæði

Opnaður í Öxarfirði

var við opnunina í skóginum. Þar samgönguráðherra opnaði skóginum með því að gróðursetja birkiplöntu

og tengja við þjóðveginn. Þarna er nú glæsileg aðstaða í fögru umhverfi til útivistar í lengri eða skemmri tíma, sannkölluð vin við veginn.



Snæþórsson frá Víkingavatni skipulagði skógarhlaup, þar sem skokkað var hringinn í skóginum með öðrum (Mynd JGP).



Á Skógardeginum mikla í Hallormsstaðaskógi var boðið uppá heilgrillað naut (Mynd SBlö).

Skógardagurinn mikli á Hallormsstað

Skógardagurinn mikli er árviss viðburður í Hallormsstaðaskógi. Dagurinn er haldinn í júní, gjarna í tengslum við Jónsmessuna. Að þessu sinni var skógardagurinn haldinn í samstarfi Skógræktar ríkisins, Héraðsskóga og Félags Skógarbænda á Héraði. Hátíðin tókst mjög vel, var fjölmenn og margt gert til skemmtunar. Haldið var skógarhlaup og eins var hápunkturinn árleg keppni í skógarhöggi.



Hér fylgjast gestir með skógarhöggскеppninni í Mörkinni, en þar varði Lárus Heiðarsson skógræðingur Íslandsmeistaratitillinn (Mynd SBlö).

Rjúpur nema land í Landgræðsluskógum



Hér sést rjúpnakarrinn á flugi í gisnum skóginum á Ássandi (Mynd JGP).

Þegar Laufblöðungur var á ferð um Ássand í Kelduhverfi vakti athygli rjúpnar sem virtist vera með hreiður í skóginum. Þegar betur var að gáð kom í ljós að svo var. Flugkarrinn af stað og náðist þá þessi mynd af honum á fleygiferð. Sannarlega velkominn nýbúi í Landgræðsluskóginum.



Á Ássandi í Kelduhverfi hefur Skógræktarfélag Norður Þingeyinga í samstarfi við Landgræðslu ríkisins ræktað landgræðsluskóga með góðum árangri (Mynd JGP).



Skógræktarfélag Mosfellsbæjar hefur gróðursett árlega 50-100 þús. trjáplöntur innan lögsögu bæjarins. Þessi mynd er tekin af landgræðsluskógum norðan í Úlfarsfelli (Mynd JGP).

Landgræðsluskógar

Landgræðsluskógaverkefnið er umfangsmesta ræktunarverkefni skógræktarfélaganna með um 130 svæði um allt land, af öllum stærðum og gerðum. Þessir skógar eru margir í nágrenni

þéttbýlisstaða, í raun og veru nærri flestum bæjarfélögum á landinu.

Verkefnið hófst árið 1990 með söfnunarátaki meðal almennings, sem gerði kleift að kaupa trjáplöntur til gróður-

setningar. Árlega hafa verið gróðursett 800.000-1.000.000 skógarplöntur í landgræðsluskógana, meirihlutinn birki. Verkefnið starfar nú á grundvelli sérstaks þjónustusamnings við hið

opinbera, sem gerir félaginu kleift að kaupa inn trjáplöntur. Sá samningur er nú til næstu fimm ára.



Mikið hefur verið gróðursett í umhverfi Húsavíkur að undanfarin ár. Hér sést yfir uppvasandi skógarteiga norðan við bæinn (Mynd JGP).



Skógræktarfélag Ísafjarðar er hægt og bítandi að klæða allar hliðar Skutulsfjarðar grænum trefli. Hér sést yfir hluta landgræðsluskóganna á Ísafirði (Mynd JGP).

Farsælt samstarf við Toyota

Í tengslum við Aðalfund Skógræktarfélags Íslands á Ísafirði í haust, var skógræktarsvæðið á Söndum í Dýrafirði heimsótt. Skógræktarfélag Dýrafjarðar hefur haft umsjón með ræktuninni að Söndum, en Toyota á Íslandi hefur í hartnær tvo áratugi styrkt skógrækt þar. Þarna hefur náðst einstaklega góður árangur.

Í tilefni heimsóknarinnar færði Magnús Kristinnsson, stjórnarformaður Toyota, Skógræktarfélagi Dýrafjarðar að gjöf nestisborð fyrir skógin og keðju-sög, sem nýttast mun við grisjun skógarins er fram líður, og tók Sigrún Guðmundsdóttir, stjórnarmaður í Skógræktarfélagi Dýrafjarðar, við gjöfinni. Gestir tóku þátt í hátíðargróðursetningu og settu niður um hundrað plöntur, af ýmsum tegundum berjatrjáa og runna. Munu því Sandar verða enn betra berjaland, er frá líður, en þar er nú þegar gott krækiberja- og bláberjaland, eins og fundargestir sannreynðu. Jafnframt var afhjúpað nýtt skilti í skóginum.



Sigrún Guðmundsdóttir, Skógræktarfélagi Dýrafjarðar, Magnús Kristinnsson, stjórnarformaður Toyota, og Magnús Gunnars-son, formaður Skógræktarfélags Íslands, gróðursetja eðaltré á Söndum í Dýrafirði (Mynd JGP).



Sigrún Guðmundsdóttir frá Skógræktarfélagi Dýrafjarðar og Magnús Kristinnsson, stjórnarformaður Toyota afhjúpa nýtt skilti í skógræktar- og útivistarsvæðinu á Söndum (Mynd JGP).

Áhugaverður skógarreitur í Klofningi við utanverðan Önundarfjörð

Skógar skógræktarfélaganna eru alls um 200 talsins og er að finna um allt land. Margir skógar eru frekar litlir og sumir þeirra fásóttir, ekki síst þar sem ekki hefur verið gert átak í opnun og umhirðu. Einn þessara reita er Klofningsreitur í Önundarfirði, skammt utan við Flateyri. Samkvæmt bókhaldi Skógræktarfélags Íslands hóf Skógræktarfélag Vestur Ísfirðinga framkvæmdir hér árið 1953 með 1,2 ha, 430 m langri girðingu en gróðursetti fyrstu trjáplönturnar árið 1954. Nú er svæðið í umsjón Skógræktarfélags Önfirðinga. Þessi reitur hefur dafnað merkilega vel, þrátt fyrir litla umhirðu. Með samstilltu átaki væri hægt að grisja skógin og gera að sannkölluðum sælureit í annars skóglitlum firði.



Hér er horft til vesturs frá skóginum. Eins og sést er skógurinn fyrir býsna opnu hafi, en hefur samt náð ágætum þroska (Mynd JGP).



Inni í skóginum er alaskayllir farinn að nema land (Mynd JGP).



Sitkagreni hefur vaxið best í Klofningsreit, þó er einnig eftirtektarvert að sjá hvað rauðgrenið hefur náð sér á strik eftir að sitkagrenið fór að veita skjól (Mynd JGP).

Eftirtaldir aðilar hafa styrkt Skógræktarfélag Íslands

Sveitarfélagið Skagafjörður - Ráðhús,
Faxatorgi 1

Varmahlíð

Akrahreppur Skagafirði
Álftagerðisbræður ehf, Álftagerði

Siglufjörður

Egilssíld ehf, Gránugötu 27

Akureyri

Eggjabúið Gerði ehf, Þórsmörk
Girðingarþjónustan Litluhlíð ehf, Litluhlíð
Höldur - Bílaleiga Akureyrar,
Tryggvabraut 12
Ísgát ehf, Lónsbakka
Kjarnafæði hf, Fjölнисgötu 1b
Raftákn ehf, Glerárgötu 34
Ösp sf, trésmiðja, Furulundi 15f

Grímsey

Grímseyjarhreppur, Öldutúni 1

Ólafsfjörður

Árni Helgason ehf, Hlíðarvegi 54

Húsavík

Bókasafnið á Húsavík

Laugar

Pingeyjarsveit, Kjarna

Þórshöfn

Langanesbyggð v/Nausts, Fjarðarvegi 3

Vopnafjörður

Bókasafn Vopnafjarðar, Lónabraut 12
Vopnafjarðarhreppur, Hamrahlíð 15

Egilsstaðir

Dagskráin Austurlandi, Miðvangi 1
Fljótsdalshérað, Lyngási 12
Héraðsskjalasafn Austfirðinga,
Laufskógum 1
Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf,
Einhleypingi 1
Verkfræðistofa Austurlands ehf,
Kaupvangi 5

Seyðisfjörður

Seyðisfjarðarkaupstaður, Hafnargötu 44

Neskaupstaður

Rafgeisli Tómas R Zoéga ehf,
Hafnarbraut 10

Höfn í Hornafirði

Skinney - Pinganes hf, Krossey
Prastarhóll ehf, Kirkjubraut 10
Öræfum
Félagsbúið Hnappavöllum 4,
Hnappavöllum 4

Selfoss

Búnaðarfélag Biskupstungna, Dalbraut 1
Búnaðarfélag Grafningshrepps,
Villingavatni
Búnaðarsamband Suðurlands, Austurvegi 1
Hitaveita Frambæja, Skarði
Hótel Valhöll, Þingvöllum
Selós ehf, Eyravegi 51
Skeiðahreppur og Gnúpverjahreppur,
Árnesi
Vélaverkstæði Þóris ehf, Austurvegi 69

Hveragerði

Eldhestar ehf, Völlum
Garðyrkjustöð Ingibjargar, Heiðmörk 38
Heilsustofnun NLFÍ Hveragerði
www.hnlfí.is, Grænumörk 10

Þorlákshöfn

Jarðefnaiðnaður ehf, Nesbraut 1

Hella

Hekluhestar, hestaferðir, Austvaðholti
Rangárþing - Ytra, Suðurlandsvegi 1
Toppkart ehf, Lyngási 4

Vestmannaeyjar

Frár ehf, Hásteinsvegi 49

Reyniviðurinn við Kílakot

Víða um land eru einstök tré, sem setja mikinn svip á umhverfið og gaman er að skoða. Þessi stóri reyniviður stendur við bæinn Kílakot í Kelduhverfi, skammt frá Víkingavatni. Ekki er lengur búið í húsinu og hefur tréð með tímanum lagst að þakinu.

Vill Laufblaðið benda á að mörg þessara trjáa hafa mikið menningar-sögulegt gildi, auk þess að setja mikinn svip á umhverfið. Reynirinn við Kílakot er einmitt dæmi um slíkt tré.

Reynirinn við Kílakot sumarið 2008. Takið eftir kindinni til hægri (Mynd JGP).



LARIX bíllinn í skógarjódri á Hallormsstað (Mynd JGP)

Larix bíllinn

Algenzt er að bíleigendur kaupi sérnúmer á bifreiðar sínar. Þegar Laufblöðungur var á ferð um Hallormsstaðaskóg rakst hann á þetta skemmtilega númer LARIX sem er latneskt heiti lerkiaættkvíslarinnar eins og lesendur Laufblaðsins þekkja.

Ef lesendur þekkja til fleiri skógartengdra bílnúmera væri gaman að geta komið því á framfæri á síðum Laufblaðsins.



Sigríður Skarphéðinsdóttir stendur við skiltið, en hún var ein af þeim sem tók þátt í gróðursetningunni árið 1938 (Mynd RF).

Nýtt skilti í Háafellsreit

Í ár eru 70 ár frá því fyrstu barrtrén voru gróðursett í skógarreit á Vesturlandi og var það í landi Háafells í Skorradal. Voru það félagar úr ungmennafélaginu Dagrenningu sem komu saman dagana 15. maí og 4. júní árið 1938, girtu af tæpan hektara og plöntuðu sitkagreni, broddgreni og skógarfuru. Haustið eftir var Skógræktarfélag Borgarfjarðar stofnað, að undirlagi Ungmennafélags Borgarfjarðar, og má leiða að því líkum að tilkoma Háafellsreitsins hafi verið hvati að stofnun skógræktarfélagsins.

Af þessu tilefni var skilti um þessa fyrstu gróðursetningu afhjúpað við hátíðlega athöfn sunnudaginn 12. október og mættu þar á fjórða tug manna í fallegu haustveðri. Hjördís Geirdal, formaður Skógræktarfélags Borgarfjarðar, bauð gesti velkomna, en því næst tók til máls Guðrún María Björnsdóttir, afkomandi ábúenda á Háafelli, sem sagði stuttlega frá gróðri á svæðinu og afhjúpaði skiltið. Ágúst Árnason sagði svo frá þeim trjátegundum sem gróðursett voru og hvernig þeim hefði almennt reitt af í Skorradal. Að því loknu var gengið inn í skóginn, þar sem gestir nutu veitinga í skjóli skógarins.



Elsta tré í heimi er sænskt rauðgreni, um 10.000 ára gamalt tré sem hefur endurnýjast með rótarskotum. Rauðgreni vex vel á skjólbetri stöðum hér á landi. Þessi mynd er af fallegum rauðgrenitrymum í Kjarnaskógi (Mynd JGP).

Ný rannsókn – elsta tré í heimi er sænskt rauðgreni

Í Morgunblaðinu birtist í apríl áhugaverð umfjöllun um sænska rannsókn á greni. Í ljós kom að á Fulu-fjalli í Dölunum í Svíþjóð fannst nærri 10.000 ára gamalt rauðgrenitré, sem er þar með elsta tré í heiminum.

Leif Kullmann, prófessor við sænska landbúnaðarháskólann í Umeå hefur stjórnað þessum rannsóknum á erfðafni þess sem sýna að tréð er 9.550 ára gamalt og skaut því fyrst rötum árið 7.542 fyrir Krist. Ekki er þó um að ræða sama stofninn allan tímann því að tréð hefur endurnýjað sig með rótarskotum, líkt og við þekkjum með birkir hér á Íslandi.

Fram að þessu hefur verið haldið að broddfurur í Klettafjöllum Bandaríkjanna séu elstu tré heims. Nú þarf það að endurskoðast, en hingað til hafa „einingis“ fundist 4.000 til 5.000 ára gamlar furur.

Þessi fundur kemur einnig á óvart, því talið var áður að rauðgreni hafi borist mun seinna til Skandinavíu.

Tímamótadómur í Hafnarfirði

Í síðasta Laufblaði var fjallað um íkveikjur í skógunum í Hafnarfirði í vor. Það mál endaði með því að viðkomandi aðilar voru kærðir til lögreglu fyrir eignaspjöll.

Nýlega féll síðan dómur í málinu þar sem viðkomandi þrír einstaklingar fengu þunga dóma fyrir eyðilegginguna á ræktun á upplandi Hafnarfjarðar á vegum Skógræktarfélags Hafnarfjarðar.

Telja skógræktarfélagin þetta tímamótadóm og mikilvægt tæki í þeirri endalaus baráttu að verja ræktunarsvæði fyrir skemmdum. Loksins er búið að viðurkenna saknæmi þess að kveika í, og eyðileggja gróður á skógræktarsvæðum.

Dómurinn er eftirfarandi sbr. heimasíðu héraðsdóms:

„Mál þetta var þingfest 8. september sl. og tekið þann dag til dóms. Það er höfðað með ákæru lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu 5. ágúst 2008 gegn þremur einstaklingum fyrir stórfelld eignaspjöll og brot gegn lögum um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi, með því að hafa aðfaranótt þriðjudagsins 29. apríl 2008, á landi Hafnarfjarðararbæjar, sem er í umsjón Skógræktarfélags Hafnarfjarðar, í Langholti ofan við Kjóadal suðaustan við Hvaleyrarvatn við Hvaleyrarvatnsveg í Hafnarfirði, búið til bálkesti úr sinugrasi sem þeir söfnuðu saman og kveiktu í, með þeim afleiðingum að um 7,7 hektarar af grónu landi brunnu, þar af yfir 7.000 tré, sem flest voru 0,5 til 1,0 m á hæð, en náðu sum trjánna allt upp í 3,5 m hæð.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr., 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og við 1. og 5. gr., sbr. 8. gr. laga um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi nr. 61/1992, sbr. 9. gr. laga nr. 24/2007, og 1. gr., sbr. 10. gr., reglugerðar um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi nr. 157/1993.

Gegn ákærða NN1 fyrir að hafa umrætt sinn ekið bifreiðinni x óhæfur um að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna, eftir reiðstíg til norðurs og inn á Elliðavatnsveg í Hafnarfirði, þar sem lögregla stöðvaði akstur bifreiðarinnar.

Telst brot þetta varða við 1., sbr. 2. mgr., 45. gr. a, sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 5. gr. laga nr. 66/2006.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og jafnframt að ákærði NN1 verði dæmdur til sviptingar ökuréttar samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga sbr. 25. gr. laga nr. 44/1993 og 18. gr. laga nr. 66/2006.

Við meðferð málsins féll ákærandi frá þeirri málavaxtalýsingu í ákæru að ákærðu hefðu búið til bálkesti úr sinugrasi.

Með skýlausri játningu ákærðu þykir sannað að þeir hafi framið það brot sem þeim er gefið að sök og réttilega er fært til refsíákvæða í ákæru.

Sakarferill ákæru er þannig að ákærði NN1 hefur þrisvar sinnum undirgengist sáttir fyrir brot gegn umferðarlögum og brot gegn ávana- og fíkniefnalöggjöfnni. Þá var ákæru á hendur honum frestað skilorðsbundið í tvö ár 15. maí sl. fyrir brot gegn 120. gr. almennra hegningarlaga. Ákærði NN1 hefur einu sinni undirgengist sátt fyrir brot gegn ávana- og fíkniefnalöggjöfnni. Ákærða NN1 hefur ekki verið gerð refsing. Refsing ákærðu þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði en rétt þykir vegna ungs aldurs þeirra að skilorðsbinda refsinguna og falli hún niður að liðnum 3 árum frá dómsbirtingu haldi ákærðu almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Að auki verður ákærði NN1 vegna brots skv. 2. kafla ákæru dæmdur til greiðslu sektar að fjárhæð 70.000 krónur. Sektin greiðist innan 4 vikna frá dómsbirtingu að telja en ella sæti ákærði 6 daga fangelsi. Ákærði NN1 skal sviptur ökuleyfi í 3 mánuði frá dómsbirtingu að telja. Þá greiði ákærði NN sakarkostnað sem leiddi af máli hans, að fjárhæð 75.774 krónur, vegna blóðtökuvottorðs og rannsóknar á því. Annan sakarkostnað leiddi ekki af málinu.

Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð

Ákærði, NN2, sæti fangelsi í 3 mánuði. Fresta skal fullnustu refsingar og



hún niður falla að liðnum þremur árum frá birtingu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laganna nr. 22/1955.

Ákærði, NN1, sæti fangelsi í 3 mánuði. Fresta skal fullnustu refsingar hans og niður skal hún falla að liðnum þremur árum haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði, NN1, greiði 70.000 krónur í

sekt til ríkissjóðs og komi 6 daga fangelsi í stað sektarinnar verði hún eigi greidd innan 4ra vikna frá birtingu dóms þessa. Ákærði er sviptur ökuleyfi í 3 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, NN3, sæti fangelsi í 3 mánuði. Fresta skal fullnustu refsingarinnar og niður skal hún falla að liðnum þremur árum haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laganna nr. 22/1955.”



Myndirnar eru teknar í skóginum í Melfelli.



Hekluskógar - merkilegur skógur í Melfelli

Hreinn Óskarsson verkefnisstjóri Hekluskóga er þessa dagana að safna fræi á birki eða að dreifa fræi á skóglaus lönd. Hann fór nýlega og safnaði birkifræi í skógi í Melfelli sem er umlukkið Hekluhraunum frá árunum 1845 og 1947. Var mikið fræ í skóginum sem er í 300-340 m hæð yfir sjó og telur Hreinn líklegt að skógurinn eigi eftir að breiðast mikið út í kjölfar þessa góða fræárs. Nú þegar finnast birkihríslur á víð og dreif í skógarjaðrinum og hraunum í nágrenninu, sér í lagi í svokölluðu Prestskarði. Voru flestar birkihríslur í hraunum hlaðnar fræi.

Birki virðist vera í mikilli útbreiðslu víða um Hekluskóga t.d. á svæðum sunnan Þjórsár sunnan undir Búrfellsskógi. Í vor gerði Friðþór Sófus Sigurmundsson landfræðingur úttekt á útbreiðslu birkis á beitolöndum í landi Næfurholts, Hóla og Selsunds. Niðurstaðan var að birkiskógur og kjarr hafði frá 1987 breiðst út um 100 ha á rannsóknarsvæðinu, úr 700 ha í 800 ha.

Hreinn Óskarsson
Verkefnisstjóri Hekluskóga
www.hekluskogar.is



Ferð Skógræktarfélags Íslands til Kamtsjatka

Skógræktarfélag Íslands stóð fyrir ferð til Kamtsjatka í Síberíu í Rússlandi dagana 12.-26. september. Ferðin tókst vel, en flogið var um Skandinavíu til Moskvu og þaðan með beinu flugi til Petropavlovsk, sem er miðstöð Kamtsjatka-svæðisins. Farið var upp skagann til smábæjarins Esso og skoðað landslag, gróðurfar (sérstaklega skógar) og menning, þá sérstaklega menning frumbyggja svæðisins. Ferðin var undirbúin í samstarfi við Pétur Óla Pétursson, sem hefur verið fararstjóri fyrir marga íslenska ferðahópa til Rússlands og skipulagði meðal annars ferð Skógræktarfélagsins til St. Pétursborgar og Arkhangelsk árið 2006. Aðrir íslenskir fararstjórar voru Brynjólfur Jónsson og Ragnhildur Freysteinsdóttir.

Náttúra Kamtsjatka er stórbrotin og tignarleg, en mikið einkenni á skaganum eru há og mjög svo formfögur eldfjöll, auk þess sem dýralíf þar er fjölskrúðugt og mikil gróðursæld. Menningarsamfélagið þar er líka töluvert frábrugðið því sem við eigum



Ferðalangar á göngu í bjarkarskógi í nágrenni Milkovo. Eitt einkenni gróðurfars skagans er óvenju hávaxið gras (Mynd RF).

að venjast hérlandis, þar sem til kemur tilvist frumbyggja og sú staðreynd að Kamtsjatka er útkjálki í risastóru landi og hefur ekki alveg notið þess uppgangs sem verið hefur í Rússlandi í sama mæli og svæði nær Evrópu. Heimsókn til Kamtsjatka er því áhugaverð að mörgu leyti.



Haustlitir við Bystrinsky-ána (Mynd RF).



Hefðbundin fiskisúpa að hætti frumbyggja snædd í Menedek (Mynd RF).



Eldfjöll setja mikinn svip á Kamtsjatka. Hér sjást einkennissfjöll Petropavlovsk, höfuðborgar Kamtsjatka. Koryakskaya til vinstri, Avachinskaya til hægri (Mynd RF).



Fræi af runnafuru safnað í hlíðum Viluchinsky-eldfjallsins (Mynd RF).

Eftirtaldir hafa styrkt Skógræktarfélag Íslands



Barri hf. Skógræktarstöð
Egilsstöðum og Tumastöðum í Fljótshlíð
- www.barri.is



HÁSKÓLI ÍSLANDS



GARÐABÆR
v/garðyrkjustjóra



KNH ehf.
Grænagerði
400 Ísafjörður



LANDSNET



UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ

**Samband
garðyrkjubænda**



Stekkjarbakka 6



Sveitarfélagið
Ölfus
Hafnarbergi 1



LANDGRÆÐSLA
RÍKISINS



LANDSLAGI



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og samgöngusvið

**Skógræktarfélag
Borgfirðinga**

Brúarlandi 2 - 310 Borgarnesi



SORPSTÖÐ
SUÐURLANDS



SÓLSKÓGAR ehf.
Fyrir og gegn samstarfi og hjálpa
Sími: 479-2410 Vefang: www.solskogar.is
Netfang: solskogar@solnet.is



TOYOTA
Akureyri



FLOKKUN



TÚLÍPANI YOKOAMA
Tromptúlípani, blómgast maí-júní,
35 sm hár.
10 stk í pakka. 11200101



TÚLÍPANI DON QUICHOTTE
Fallega bleikur tromptúlípani,
blóm-gast júní-júlí, 50sm hár.
10 stk í pakka. 10200639



TÚLÍPANI APELDOORN Darwin túlípáni,
mjög blómfallegur, stendur vel,
blómgast maí-júní, 50 sm hár.
10 stk í pakka. 10200750



TÚLÍPANI GREUZE síðblóma túlípáni,
blómgast júlí-ágúst, 55 sm hár.
10 stk í pakka 10200712



TÚLÍPANI GREIGII BLANDAÐ
Díltarlípán greigii, einnig góður í ker,
blómgast maí-júní, 15-25 sm hár. 10 stk
10200904

Loforð um litríkt vor

Grænu fróðleiksmolarnir hennar Völu

Hautlaukar Loforð um litríkt vor

Á haustin er tími til að setja niður lauka af ýmsum tegundum og tagi til að þeir spretti upp með litríku blómskrúði næsta vor. Krókusa, stjörnuliljur og snælliljur má setja í litlar þyrpingar í beð eða jafnvel í jaðrana á grasflötinni. Stærri lauka eins og túlípana og páskaliljur fer best að setja saman í myndarlega hópa með 10 til 50 laukum og hafa á áberandi stöðum þar sem þeirra verður best notið.

Þumalfingursregla með gróðursetningardýpt og millibil er að setja laukana 2x hæð sína djúpt í moldina og að hafa millibilið 3x hæð hvers lauks.

Hautverkin Hautverkin í garðinum felast almennt í því að ganga frá hlutum sem hafa verið í notkun yfir sumarið. Setjið verkfæri í þurra geymslu og gangið þannig frá garðhúsgögnum að þau fjúki ekki. Blómaker sem ekki þola frost þarf að tæma og koma fyrir á hvolfi þar sem lítið mæðir á. Laufinu á grasflötinni er best að raka saman og grafa þau í holur í trjábeðunum eða blanda þeim í moltubinginn. Og svo má ekki gleyma að setja niður hautlauka. Á haustin er líka gott að hreykja laufum, sandi og mold að plöntum sem hafa jarðstöngulinn alveg í yfirborðinu, t.d. ýmsum lyklum og hjartasteinbrjótum.

Hautlaukar í ker Það er skemmtilegt að setja hautlauka í ker. Kerin þurfa að vera með gati í botninum því laukarnir þola ekki of blauta mold. Því er best að setja vikur neðst, síðan smá moldarlag, raða laukunum og fylla pottinn vel af góðri gróðurmold. Hægt er að hafa nokkrar tegundir lauka í sama potti t.d. Páskaliljur, Túlipana og Krókusa, þá raðast Páskaliljurnar neðst, síðan túlípánar og Krókusar efst. Látið laukakerin standa í skjóli yfir veturinn.


blómaval
heillandi heimur

Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Selfoss - Reykjanesbær - Kringlan - Smáralind

